



Íþróttafélagið Fylkir

Verklagsreglur

Óveður og æfingar

Íþróttafélagið Fylkir leggur mikla áherslu á að halda dagskrá og ekki séu felldar niður æfingar að óþörfu. Aftur á móti ef aðstæður skapast sem hafa hættu í för með sér fyrir iðkendur og þjálfari þá ber að fella niður æfingar. Sem dæmi um hættu er þegar mörk á fótboltavöllum færast úr stað vegna of mikils vinds.

Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn fylgist sjálfir með fréttum af veðri, veðurspám og öðrum upplýsingum sem gætu haft áhrif á frístundastarf barnanna og taki ákvörðun í samræmi við aðstæður hverju sinni. Aðstæður geta þróast með ófyrirséðum hætti og verið mismunandi eftir svæðum.

Mikilvægt er að fólk fari ekki af stað ef það treystir sér ekki eða er vanbúið til farar, t.d. vegna vanbúinnar bifreiðar til vetraraksturs.

Íþróttafélagið Fylkir kappkostar að koma tilkynningum um röskun á frístundastarfi tímanlega á framfæri í samvinnu við skóla og frístundaheimili hverfisins. Reynt er að taka ákvörðun í síðasta lagi í hádeginu svo hægt sé að koma skilaboðum út.


Frístundavagninn mun ganga samkvæmt áætlun ef æfingar yngri iðkenda eru í gangi.

Tekið er mið af veðurspá og viðvörðunum veðurstofunnar.

Viðvaranir eru í litum í samræmi við hættustig veðurs.



Allar æfingar fara fram. Áhrif óveruleg á daglegar athafnir. Grænar viðvaranir eru ekki gefnar út sem upphafsviðvörðun, eingöngu til að gefa til kynna að veður hefur gengið niður eða spá hefur breyst svo mikið að útgefnar viðvaranir eru afturkallaðar með grænni viðvörðun.



Útiæfingar yngri iðkenda falla niður. Veðrið getur haft nokkur eða staðbundin áhrif og valdið töfum, slysum eða tjóni ef aðgát er ekki höfð. Slík veður eru ekki óalgeng en krefjast árvekni við skipulagningu atburða og í ferðum á milli landshluta eða á hálendinu. Óveruleg áhrif á samgöngur á landi, innviði og þjónustu. Gul viðvörðun 3-5 daga fram í tímann gefur til kynna að litlar eða miðlungs líkur séu á mjög áhrifamiklu veðri 3-5 daga fram í tímann. Gangi spár eftir eru miklar líkur á að viðvörðunargildi hækki þegar nær dregur.



Allar útiæfingarfalla niður hjá öllum og inniæfingar hjá yngri iðkendum. Miðlungs eða miklar líkur eru á veðri sem valdið getur miklum samfélagslegum áhrifum. Veðrið getur valdið miklum samfélagslegum áhrifum. Veðrið getu valdið tjóni og/eða slysum og ógnar mögulega lífi ef aðgát er ekki höfð. Skerðing á samgöngum og innviðum/þjónustu tímabundin/staðbundin.

Veður sem þessi verða nokkrum sinnum á ári.



Allar æfingar falla niður. Miklar líkur eru á veðri sem hefur mjög mikil samfélagsleg áhrif, eða slíkt veður er yfirstandandi. Einstaklega áköfum og hættulegum veðurskilyrðum er spáð. Búast má við miklum skemmdum, líkur á slysum eru miklar og veðrið ógnar lífi. Viðbúið að samgöngur lokist og aðgengi að innviðum/þjónustu skerðist.

Hér er tafla fyrir vinnureglur varðandi frost vegna útiæfinga.

		Vindhraði m/s					
		0	2	4	6	9	12
L o f t h i t i C	0	0	-2	-4	-6	-7	-9
	-1	-1	-4	-6	-7	-8	-10
	-2	-2	-5	-7	-8	-9	-11
	-3	-3	-6	-8	-9	-10	-12
	-4	-4	-7	-9	-11	-12	-13
	-5	-5	-8	-10	-12	-13	-14
	-6	-6	-8	-10	-12	-15	-16
	-7	-7	-10	-13	-14	-16	-17
	-8	-8	-11	-15	-16	-18	-20
	-9	-9	-13	-16	-18	-20	-22
Lítill Kæling, æfingafært hjá öllum							
Nokkur kæling, æfingar falla niður hjá 6.flokki og yngri							
Mikil kæling, æfingar falla niður amk hjá 4.flokki og yngri							
Mjög mikil kæling, mælt með að allar æfingar falli niður							

Þjálfarar koma skilaboðum til sinna iðkenda ef æfingar falla niður